


Ónæmisfræðideild Landspítala

Breytingar á skimþrófi fyrir Celiac sjúkdómi

Kæri læknir

Reykjavík 19.05.2023

Ónæmisfræðideildin hefur boðið upp á skimþróf fyrir Celiac sjúkdómi/gluten óþoli í mörg ár. Við höfum nú uppfært skimþróf okkar í samræmi við leiðandi leiðbeiningar í Evrópu og Bandaríkjunum. Við munum ekki lengur bjóða upp á gluten IgA eða IgG mælingar. Hægt verður að panta Celiac/gluten óþols skimþróf sem fer í flæðiferil eins og sést hér fyrir neðan. Mældir verða tissue transglutaminasi IgA og IgG (tTG-IgA/tTG-IgG), deamidated gliadin IgG (DAG-IgG) og heildarmagn IgA.



*Hægt að sleppa total IgA ef þekkt að einstaklingur er ekki með IgA skort

Ef talið er nauðsynlegt verður hægt að panta endomysium (EMA) IgA mælingu sérstaklega. Til upplýsinga þá sýnir samantekt ónæmisfræðideilda á EMA IgA mælingum frá 2020 til dagsins í dag ($n=633$) að samræmi við tTG-IgA mælingar er mjög gott. Af 633 sýnum voru 24 jákvæð fyrir EMA IgA og einungis eitt þeirra, sem var vægt jákvætt í EMA, var neikvætt í tTG-IgA. Af 609 sýnum sem voru neikvæð fyrir EMA IgA var eitt sýni jákvætt fyrir tTG-IgA, en síðara sýni sama einstaklings var neikvætt.

Þegar ofangreindur flæðiferill hefur verið í notkun í 3-6 mánuði munum við taka saman niðurstöður mælinga og endurmeta hvort breytinga sé þörf á ofangreindu fyrirkomulagi.



Celiac skimprófið mun verða gert 2 sinnum í viku.

Þessi breyting mun auka gæði þjónustunnar og auk þess vera markvissari og í takt við núgildandi leiðbeiningar. Við vonum að breytingarnar valdi ekki óþægindum og ef spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við sérfræðinga ónæmisfræðideildarinnar.

Með bestu kveðju,

Anna Guðrún Viðarsdóttir

Anna Guðrún Viðarsdóttir
Yfirlífeindafræðingur ónæmisfræðideildar

Sólrun Melkorka Maggadóttir

Sólrún Melkorka Maggadóttir
Starfandi yfirlæknir ónæmisfræðideildar